Fimmtudaginn 2. apríl 1998.

Nr. 116/1997. **Alfreð Magnússon**
(Ástráður Haraldsson hrl.)
gegn
Kristjáni Guðmundssyni
(Jakob R. Möller hrl.)

Vinnuslys. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. mars 1997. Hann krefst þess, að dæmt verði, að stefndi beri skaðabótaábyrgð á því tjóni, sem áfrýjandi varð fyrir 8. maí 1985. Hann krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt var lögð skýrsla Iðntæknistofnunar Íslands 9. september 1997 um prófun á snúningsvægi á nýjum felguróm fyrir Volvo-vörubifreið, smíðaár 1971. Er þar tekið fram, að ekki sé unnt að áætla nein mörk fyrir snúningsvægi fyrir fjórtán ára gamla felguró.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, höfðaði áfrýjandi áður mál vegna sama atviks og er tilefni þessarar málsóknar. Beindi hann því máli gegn vinnuveitanda sínum. Var einkum byggt á sök verkstjórans, stefnda þessa máls, sem stjórnaði verki, þegar áfrýjandinn vann við að herða gamla felguró á bolta á vörubifreið. Með dómi Hæstaréttar 1994, bls. 1733, var staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu vinnuveitandans með vísan til forsendna dómsins. Var þar lagt til grundvallar, að undirbúningur verksins hefði verið með venjulegum og eðlilegum hætti og að sök yrði ekki lögð á verkstjórann. Var jafnframt tekið fram, að líklegasta ástæða þess, að felgulykillinn lét skyndilega undan, hafi verið sú, að róin hafi rifnað undan átakinu.

Því máli, sem hér er til úrlausnar, hefur áfrýjandinn beint gegn verkstjóranum sjálfum. Til stuðnings kröfunni er teflt fram málsástæðum um sök stefnda, líkt og gert var í fyrra málinu gegn vinnu-

veitanda þeirra. Af hálfu áfrýjanda var lýst yfir, að ekki væri byggt á bótareglum án sakar.

Í héraðsdómi eru raktar niðurstöður rannsóknar, sem áfrýjandi hlutaðist til um, að Iðntæknistofnun Íslands gerði á felgurónni í október 1994 að gengnum þeim dómi Hæstaréttar, sem áður getur. Kemur meðal annars fram í rannsóknarskýrslu, að greina hafi mátt far í yfirborði róarinnar og að róin hafi rifnað með stökku broti út frá því. Héraðsdómur, sem skipaður var sérfróðum meðdómsmönnum, komst að þeirri niðurstöðu, að þrátt fyrir það hafi þurft mikið átak til, að róin rifnaði, og að niðurstöður Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins 30. nóvember 1994 á togþoli felgubolta eigi ekki við um mat á átaksþoli róarinnar.

Þótt umræddur galli á yfirborði róarinnar hafi fyrst komið í ljós við þessar rannsóknir, hefur ekki verið hnekkt niðurstöðu í hinu fyrra máli, og stoðum hefur ekki verið rennt undir staðhæfingar um sök stefnda frekar en áður. Aðrar rannsóknir Iðntæknistofnunar Íslands, sem vísað er til í málinu, breyta engu um þá niðurstöðu. Að þessu virtu verður héraðsdómur um sýknu staðfestur. Reynir þá ekki sérstaklega á þá málsástæðu stefnda, að krafa áfrýjanda sé niður fallin fyrir fyrningu.

Áfrýjandi skal greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem verður ákveðinn sameiginlega, eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Alfreð Magnússon, greiði stefnda, Kristjáni Guðmundssyni, samtals 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 12. desember 1996.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. nóvember sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað fyrir dómþinginu af Alfreð Magnússyni, kt. 070630–2579, Hrannarstíg 14, Grundarfirði, með stefnu, þingfestri 8. maí 1996, á hendur Kristjáni Guðmundssyni, kt. 130250-2709, Sæbóli 26, Grundarfirði,

til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 4.862.669 kr., með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 8. maí 1992 til 8. maí 1996, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi auk álags á málskostnað, er nemi virðisaukaskatti.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómsins auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Samkvæmt 31. gr. laga nr. 91/1991 var sakarefni skipt og málið flutt um bótaskyldu, en önnur atriði látin hvíla. Í þessum þætti málsins er einungis til úrlausnar ágreiningur um bótaskyldu stefnda.

II.

Málavextir eru þeir, að 8. maí 1985 varð stefnandi, sem er stýrimaður að mennt, fyrir slysi við vinnu sína, en hann var þá starfsmaður Sæfangs hf. í Grundarfirði. Vann hann þar við ýmis störf, m. a. við akstur vörubifreiða.

8. maí 1985 vann stefnandi að því undir stjórn stefnda, sem er vélstjóri og annaðist viðhald véla og tækja Sæfangs hf., að búa Volvo-vörubifreið, árgerð 1971, í eigu fyrirtækisins undir bifreiðaskoðun. Á hægra framhjól vörubifreiðarinnar vantaði eina felguró, og hafði þessa felguró vantað, frá því að vörubifreiðin var keypt til fyrirtækisins árið 1983. Stefndi hafði fengið gefna slíka ró af ónýtri vörubifreið sömu tegundar og árgerðar, sem stóð þar skammt frá. Fóru stefnandi og stefndi saman að bifreiðinni og sóttu róna. Stefndi hreinsaði róna með vírbursta og olíubar hana og tyllti henni upp á felguboltann, eftir að hann hafði burstað hann og olíuborið. Síðan fól stefndi stefnanda að herða róna. Stefnandi notaði við þetta verk sitt felgulykil, sem fylgdi bifreiðinni. Felgulykillinn var samsettur úr tveimur stykkjum, annars vegar 30 cm löngu stykki, sem gekk upp á róna, og hins vegar 55 cm löngu skafti, sem sett var í þar til gert gat. Er stefnandi var að beita þunga sínum við að herða róna, brotnaði hún, en stefnandi féll við og þríbrotnaði á fótlegg. Stefnandi kveður afleiðingar slyssins hafa verið lengi að koma fram, en endanleg örorka sín hafi verið metin 30% 26. september 1990.

Stefnandi kvað þá stefnda hafa farið og tekið úr þessari bifreið hraðamælisbarka og eina felguró. Stefndi hefði farið með róna inn á verkstæði, hreinsað hana með vírbusta og olíuborið, síðan tyllt henni upp á felguboltann, eftir að hann hafði burstað boltann og olíuborið. Síðan hefði stefndi sagt sér að herða róna. Til þess hefði hann notað felgulykil úr bifreiðinni, en lykill þessi sé samsettur þannig, að skafti sé stungið í gegnum gat á enda hans. Taldi stefnandi, að skaftið væri u. þ. b. 60 cm langt. Kvaðst hann

hafa staðið þannig að verkinu, að hann hefði haft allt skaftið öðrum megin við lykilinn og staðið sjálfur sömum megin við lykilinn. Hann hefði ýtt skaftinu niður með báðum höndum. Sér hefði fundist strax í byrjun, að róin væri óvenjulega stíf miðað við það, sem hann hefði átt að venjast, og stíft hefði verið að skrúfa alla leið. Stefnandi kvaðst ekki hafa skoðað róna, en fundið, að hún hefði verið rétt sett upp á í upphafi. Stefnandi kvaðst tvisvar eða þrisvar áður hafa skrúfað slíka ró og í þessu tilviki ekki talið ástæðu til að ætla annað en allt væri í lagi. En er nokkrir snúningar hefðu verið eftir, hefði lykillinn skyndilega látið undan, skroppið af og stefnandi dottið á jörðina. Við þetta brotnaði fótur stefnanda.

Skýrsla Vinnueftirlits ríkisins er ódagsett. Þar er skráð, að slysið hafi ekki verið tilkynnt vinnueftirlitinu, en sá, er skýrsluna ritaði, hafi frétt af því, þegar hann var á ferð 9. maí 1986. Að öðru leyti kemur ekkert fram í skýrslunni, sem ekki hefur komið fram hjá stefnanda.

Lögmaður stefnanda beindi nokkrum spurningum til Vinnueftirlits ríkisins í bréfi, dags. 21. mars 1990. Í svari vinnueftirlitsins, sem dags. er 22. mars 1990, segir eftirlitsmaður, að hann hafi borið felgulykilinn að rónum og séð, að lykillinn hafi eitthvað verið farinn að slitna, þó ekki svo, að hann slyppi yfir. Slitið hafi ekki verið svo mikið, að ástæða þætti til að prófa herslu.

14. janúar 1988 höfðaði stefnandi dómsmál á hendur Sæfangi hf. og Sjóvá-Almennum tryggingum hf. til réttargæslu. Var í því máli einkum vísað til húsbóndaábyrgðar Sæfangs hf. á verkum stefnda. Dómur í því máli var upp kveðinn 23. maí 1990, þar sem stefndu í því máli voru sýknaðir af kröfum stefnanda. Stefnandi áfrýjaði málinu til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar 22. september 1994 var dómur héraðsdóms staðfestur.

Að dómi Hæstaréttar gengnum hlutaðist stefnandi til um, að rannsókn færi fram hjá Iðntæknistofnun á felgurónni, sem hafði brotnað. Samkvæmt svarbréfi stofnunarinnar, dagsettu 25. október 1994, var niðurstaða þeirrar rannsóknar sú, að sýnilegt væri reglulegt far í yfirborði felguróarinnar, sem gæti verið vegna þess, að sagað hefði verið í róna. Felguróin hefði síðan brotnað með stökku broti út frá botni þessa fars á yfirborði hennar. Í símbréfi Iðntæknistofnunar, dags. 14. ágúst 1995, kemur fram, að farið á rónni sé ekki hverjum manni sýnilegt með berum augum.

Með bréfi, dagsettu 12. desember 1994, óskaði stefnandi eftir endurupptöku málsins fyrir Hæstarétti, þar sem ný gögn lægju fyrir í málinu. Í bréfi, dagsettu 6. febrúar 1995, hafnaði Hæstiréttur beiðninni með vísan til 1. mgr. 168. gr. laga nr. 91/1991. Með bréfi Verkalýðsfélagsins Stjörnunnar, dags. 12. mars 1995, var að nýju óskað eftir endurupptöku málsins fyrir Hæstarétti. Hæstiréttur hafnaði endurupptöku málsins með bréfi, dags. 17. mars 1995.

Með bréfi, dags. 28. mars 1996, óskaði lögmaður stefnanda eftir því við Iðntæknistofnun, að stofnunin reiknaði átaksþyngd á felguró við, að beitt er átakslykli eins og þeim, er stefnandi beitti. Í svari stofnunarinnar, dags. 29. ágúst 1996, kemur fram, að ef miðað sé við þær forsendur, að átakslykill, sem notaður hafi verið til þess að herða felguró, hafi verið stífur, þ. e. a. s. ekki bognað niður við átak og ekki notað átak með aukinni þyngdarhröðun, þ. e. a. s. ekki verið hoppað eða spyrnt í lykilinn við herslu felguróar, reiknist mesta snúningsvægi á felguró vera 932,9 Nm. Ef 95 kg maður þrýsti með líkamsþyngd sinni á bláenda skafts til að spenna felguró, verði mesta snúningsvægi 559,74 Nm. Ef tekið sé tillit til þess, að ekki sé líklegt, að umræddur maður nái að þrýsta á bláenda skafts, heldur hvíli hægri hönd við enda skafts, en vinstri hönd sé við hlið þeirrar hægri, verði heildarálag, ef 10 cm fjarlægð sé frá enda skafts á álagspunkt, 466,45 Nm.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndi beri ábyrgð á því tjóni, sem stefnandi varð fyrir 8. maí 1985. Stefndi, sem sé vélstjóri að mennt, hafi annast viðhald tækja og véla hjá vinnuveitanda þeirra stefnanda. Stefndi hafi fengið stefnanda til þess að aðstoða sig við að standsetja sautján ára gamla vörubifreið. Stefndi hafi haft forgöngu um að nýta ró af annarri sautján ára gamalli ónýtri vörubifreið. Stefnda hafi sem vélfróðum manni mátt vera ljóst, að sautján ára gamlir hlutir eru ekki eins traustir og nýir og þarfnast sérstakrar skoðunar, áður en þeir eru nýttir. Hafi stefnda mátt vera þetta ljóst, þar sem umrædd ró hafi verið á víðavangi hjá bílhræi. Þrátt fyrir þetta hafi stefndi falið stefnanda að nýta þessa ró eftir málamyndahreinsun með vírbursta og smurolíu.

Stefnanda verði ekki kennt um slysið. Hann hafi staðið að öllu leyti rétt að verkinu, sem honum hafi verið falið. Honum verði ekki lagt til lasts, þó að hann hafi beitt afli við framkvæmd verksins. Eðli máls samkvæmt hafi mátt búast við því, að erfitt reyndist að setja ró á bolta á þetta gamalli bifreið, og auk þess hafi engin ró verið á boltanum um að minnsta kosti tveggja ára skeið og boltinn hulinn ryði. Stefnandi hafi eingöngu beitt handafli og notað til verksins hefðbundinn felgulykil bifreiðarinnar. Stefnandi, sem vitað hafi af starfsréttindum stefnda, hafi mátt treysta á, að skoðun stefnda á felgurónni væri fullnægjandi. Það verði því ekki talin eigin sök stefnanda, enda þótt hann hafi ekki skoðað róna sérstaklega.

Orsök slyssins hafi eingöngu verið sú, að stefndi hafi hvorki skoðað né hreinsað róna nógu vel. Ef stefndi hefði gert það, hefði honum orðið ljóst, að róin var gölluð. Stefndi hefði sem reyndur vélstjóri átt að búa yfir þeirri

reynslu og þekkingu, að honum hefði ekki átt að leynast farið á yfirborði róarinnar.

Stefndi hafi með því að fela stefnanda að vinna verkið með gallaðri felguró brotið gegn lagaskyldu sinni sem vélstjóri, sbr. lög nr. 46/1980.

Þá heldur stefnandi því fram, að hvorki stefndi né Sæfang hf. hafi hlutast til um rannsókn á tildrögum slyssins. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknar hafi róin verið gölluð. Tæplega verði upplýst héðan af, hver það sé, sem beri ábyrgð á því, að í róna hafi verið sagað, en slysið hafi ekki verið tilkynnt vinnueftirlitinu, og verði stefndi að bera hallann af því.

Dómur Hæstaréttar frá 22. september 1994 hafi hvorki fordæmisgildi né res judicata-áhrif í máli þessu, þar sem hann staðfesti niðurstöðu héraðsdóms, sem hvíli á þeirri forsendu, að stefnandi hafi brotið róna með því að beita of miklu afli. Samkvæmt niðurstöðu Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins hafi það ekki verið í mannlegu valdi að brjóta róna, ef hún hefði verið óskemmd. Jafnframt liggi fyrir rannsókn, sem sanni, að róin hafi verið gölluð, þegar stefnanda hafi verið fengin hún til notkunar.

Þá miðar stefnandi við það, að krafan sé ekki fyrnd. Fyrsti útreikningur tjóns stefnanda hafi verið gerður 28. janúar 1987 og styðjist við örorkumat frá 24. júlí 1986. Þá fyrst hafi verið grundvöllur til að meta örorku stefnanda, en samkvæmt 5. gr. laga nr. 14/1905 teljist fyrningarfrestur frá þeim degi, er krafa verði gjaldkræf. Eðli máls samkvæmt hafi ekki verið unnt að krefja um bætur vegna tjóns stefnanda, fyrr en vitað hafi verið, hvert það yrði. Auk þess hafi komið í ljós, að fullsnemmt hafi verið að meta örorkuna þegar árið 1986, þar sem afleiðingar slyssins hafi ekki verið orðnar endanlegar á þeim tíma. Þá hafi stefnda verið kunnugt um kröfu stefnanda, frá því að hún hafi fyrst verið sett fram, enda oft gefið skýrslu vegna slyssins hjá lögreglu, Sjóvá og fyrir dómi. Auk þess hafi stefndi sem stjórnarmaður í Sæfangi hf. átt aðild að fyrra dómsmálinu.

Um lagarök vísar stefnandi til reglna skaðabótaréttarins um sakarábyrgð auk almennra reglna skaðabótaréttarins um bætur utan samninga. Þá vísar stefnandi til laga nr. 46/1980.

Kröfu um málskostnað styður stefnandi 130. gr. laga nr. 91/1991.

Kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun miðar stefnandi við lög nr. 50/1988. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur og beri því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Stefndi vísar um sýknukröfu sína til þess, að í dómi Hæstaréttar í málinu nr. 271/1990 sé niðurstaða héraðsdóms staðfest með vísan til forsendna. Í forsendum héraðsdóms segi: „Verður að líta svo á, að undirbúningur verksins hafi verið með venjulegum og eðlilegum hætti og sök verði ekki lögð á

Kristján Guðmundsson, vegna þess að hann hafi verið ófullnægjandi, og ekki verður af rónni séð, að hún beri það með sér að hafa verið varasöm til notkunar.“ Samkvæmt 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 hafi dómur Hæstaréttar í málinu fullt sönnunargildi um þau málsatvik, sem í honum greini, þar til hið gagnstæða sé sannað. Héraðsdómur í málinu var kveðinn upp af embættisdómara og tveimur sérfróðum meðdómsmönnum. Mati þeirra á langlíklegustu orsökum slyssins hafi ekki verið hnekkt, enda hafi þá legið fyrir upplýsingar um sprungu í rónni.

Þá bendir stefndi á, að venjuleg og allýtarleg lögreglurannsókn hafi farið fram á slysinu. Vinnueftirlit ríkisins hafi gert venjulega athugun á vettvangi.

Bæði stefnandi og stefndi hafi vitað, að róin var gömul og notuð. Ekki verði lögð á annan þeirra fremur en hinn sú skylda að láta fara fram nákvæmnisskoðun á rónni fyrir notkun.

Eðlileg varfærni af hálfu stefnanda hefði komið í veg fyrir slysið. Stefnandi hafi hagað sér mjög óvarlega með því að halda áfram að þvinga róna upp á boltann alla leið. Ef stefndi yrði dæmdur bótaskyldur, ætti að taka tillit til þessarar óvarfærni stefnanda sem eigin sakar hans og lækka bætur verulega. Stefnda verði og ekki gefin sök á óhappatilviki.

Þá hallast stefndi að því, að þrefalt fótbrot sé ekki sennileg afleiðing af gallaðri ró, sem skrúfa eigi með handverkfæri. Stefndi telur og, að krafa stefnanda sé fyrnd. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 14/1905 fyrnist skaðabótakröfur á tíu árum. Skaðabótakrafa sé gjaldkræf frá tjónsatviki, og skipti hér engu, þótt tjón hafi ekki verið reiknað út fyrr en síðar. Stefnandi hafi hagað sér í samræmi við þetta með því að miða kröfugerð sína við tjón allt frá tjónsatviki. Málið hafi verið þingfest 8. maí 1996, en þá hafi verið liðin ellefu ár frá tjónsatburði og krafa stefnanda því fyrnd.

Kröfu um málskostnað styður stefndi 1. og 3. mgr. 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 og kröfu um virðisaukaskatt lögum nr. 50/1988.

IV.

Umdeilt tjónsatvik varð 8. maí 1985. Fyrsta mat á örorku stefnanda fór fram 24. júlí 1986 og tjónsútreikningur á grundvelli þess 28. janúar 1987. Samkvæmt 2. tl. 4. gr. laga nr. 14/1905 er því krafa stefnanda ekki fyrnd.

Í máli þessu krefur stefnandi stefnda um skaðabætur vegna líkamstjóns, sem hann varð fyrir við vinnu sína hjá Sæfangi, en stefndi var þar verkstjóri stefnanda. Dómur Hæstaréttar í máli stefnanda á hendur vinnuveitanda hans og Sjóvá-Almennum tryggingum hf. til réttargæslu vegna þessa vinnuslyss féll 22. september 1994, þar sem staðfestur var dómur héraðsdóms með vísan til forsendna héraðsdómsins. Þar kemur fram, að ró sú, sem

stefnandi var að skrúfa, þegar slysið varð, sé með fínum gengjum, u. þ. b. tólf talsins, og eru fyrstu fjórar gengjurnar sýnilega jagaðar. Róin sé ekki ryðskemmd að verulegu marki, en gengjur þó ekki hreinar. Róin sé gegnsprungin þvert á gengjurnar og sprungan tæplega millímetri á breidd á utanverðri rónni.

Eftir að fyrrgreindur dómur Hæstaréttar féll, rannsakaði Ingólfur Þorbjörnsson, verkfræðingur hjá Iðntæknistofnun, róna. Samkvæmt þeirri rannsókn var sýnilegt mjög reglulegt far í yfirborði róarinnar, sem hann taldi, eftir að hann hafði viðsjárskoðað róna, að gæti verið sagarfar eða af völdum annarra skerandi verkfæra. Fyrir dómi bar hann, að far þetta á yfirborði róarinnar væri ekki sýnilegt hverjum, sem væri.

Komið hefur fram, að stefndi hreinsaði róna og boltann og bar á olíu til þess að auðvelda verkið, eins og rétt var að gera, þar sem um gamla ró var að ræða. Undirbúningur verksins var því með venjulegum og eðlilegum hætti. Verður ekki litið svo á, að fyrrgreind rannsókn leiði til þess að telja undirbúning verksins ófullnægjandi af hendi stefnda, enda var róin við fyrri rannsóknir sérfræðinga og skoðun sérfróðra meðdómsmanna ekki talin bera það með sér að hafa verið vafasöm til notkunar. Fyrir liggur í málinu, að Vinnueftirlit ríkisins rannsakaði slysið daginn eftir, að það varð. Samkvæmt framansögðu verður því ekki lögð sök á stefnda.

Orsök þess, að lykillinn lætur skyndilega undan átakinu, verður að telja langlíklegast þá, að róin rifnaði, og svo líklega, að við það megi miða. Þrátt fyrir það að reglulegt far hafi verið í yfirborði róarinnar, er ljóst, að mikið átak hefur þurft til, að róin rifnaði. Fram lagðar niðurstöður Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins á togþoli felgubolta með ró eiga ekki við um mat á álagsþoli róarinnar og eru því ekki til þess fallnar að sýna fram á, hvort það hafi verið í mannlegu valdi að brjóta róna. Stefnandi, sem hefur lýst því, að jafnerfitt hefði verið að skrúfa róna frá upphafi til enda, hefði átt að sjá, að eitthvað var með óeðlilegum hætti, og annaðhvort skrúfa róna til baka og aðgæta, hverju sætti, eða kalla til verkstjóra sinn til ráðgjafar. Stefnandi gerði hvorugt. Verður að telja, að með þessum hætti hafi stefnandi sjálfur átt sök á því, að slysið varð, þótt hugsanlega megi að einhverju leyti telja það til óhappatilviks.

Með vísan til framanritaðs ber því að sýkna stefnda af kröfu stefnanda.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnanda til þess að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 100.000 kr. Við ákvörðun málskostnaðar hefur ekki verið tekið tillit til þeirrar skyldu stefnda að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun.

Dóminn kvað upp Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari og meðdóms-

mennirnir Jan Jansen bifvélavirkjameistari og Jón Baldur Þorbjörnsson bíltækniráðgjafi.

Dómsorð:

Stefndi, Kristján Guðmundsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alfreðs Magnússonar.

Stefnandi greiði stefnda 100.000 kr. í málskostnað.